

árs í senn. Stjórn sjóðsins veitir móttöku öllum tekjum hans, hverju nafni sem nefnast. Henni ber að ávaxta eignir sjóðsins á sem tryggastan hátt, og ber hún ábyrgð á að ekkert af þeim glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót, og leggur þá fram á næsta sýslunefndarfundi Rangárvallasýslu, og hefir sýslunefnd úrskurðarvald um reikninga sjóðsins, á sama hátt sem um hreppsreikninga sýslunnar. 95
7. okt.

6. gr.

Endurskoðendur ber að kjósa á hreppsskilafingi til eins árs í senn. Skulu þeir gæta þess vandlega, að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt og vanda um, ef út af er brugðið.

7. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarnefndarinnar fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Við úthlutun styrksins skal vandlega tekið tillit til ástæðna og hæfileika umsækjanda og gildir í öllu hið sama um karl og konu.

8. gr.

Sannist það, að styrkþegi verji styrknum í verulegum atriðum gagnstætt fyrirmælum skipulagsskrá þessarar, missir sá eða sú rétt til styrksins framvegis.

9. gr.

Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur, er það á valdi stjórnarinnar, hvort hún á næsta ári veitir því meiri styrk eða lætur fjárhæðina leggjast við höfuðstólinn.

10. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starf sitt.

Berustöðum, 20. júní 1932.

Dorsteinn Þorsteinsson.

Ingigerður Runólfsdóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Þorgrímssjóð“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1933. Skipulagsskráin er þannig: 96
7. okt.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Þorgrímssjóð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tungumálakennara Þorgrími Guðmundssyni í Reykjavík, og er stofnfé hans 4000 — fjögur þúsund — krónur.

96

7. okt.

2. gr.
Stofnfé sjóðsins skal lagt í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og ávaxtast þar, unz sjóðurinn er orðinn 8000 — átta þúsund — krónur.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn átta þúsund krónur, sem aldrei má skerða, skal $\frac{2}{3}$ hl. ársvaxtanna varið til þess að styrkja efnilega unga menn í sjóplássinu Garði í Gullbringusýslu til að nema sjómannafræði, eftir nánari ákvörðun stjórnarnefndar sjóðsins í hvert sinn, og með þeim skilyrðum, er nefndin setur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sóknarpresturinn í Útskálaprestakalli og oddvitinn í Gerðahreppi, og úthlutar stjórnarnefndin styrk úr sjóðnum samkvæmt skipulagsskrá þessari, semur reikning árlega fyrir sjóðinn. — Formaður stjórnarnefndar er sýslumaður og geymir hann skjöl og bækur sjóðsins. — Árlegur reikningur sjóðsins skal lagður fyrir aðalfund sýslunefndar Gullbringusýslu.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og á breytingum á henni, ef til kemur.

Hafnarfirði í janúar 1933.

Magnús Jónsson, sýslumaður. Eiríkur Brynjólfsson, sóknarprestur.

97

11. okt

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkirkauptún frá 3. júlí 1931.

3. gr. hafnarreglugerðarinnar breytist þannig:

5. Af hausuðum og flöttum fiski kr. 3,00 af hverri smálest.
6. Af sementi og útlendum áburði kr. 2,00 af hverri smálest.
7. Af trjáviði kr. 0,05 af hverju teningsfeti
8. Af öllum öðrum inn og útfluttum vörum nema endursendum umbúðum kr. 6,00 af hverri smálest.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 60, 28. nóvember 1919 til að öðlast gildi 1. nóvember 1933 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.